

Sauðfjáreigendafélag Kópavogs

Vatnsenda
203 Kópavogur

Mosfellsbær, 23. nóvember 2021
erindi nr. 202111211/19.0 fdb

Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Á 554. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 19.11.2021, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

Ný Fossvallarrétt í landi Kópavogs - framkvæmdaleyfi til umsagnar

Borist hefur erindi frá Auði Dagnýju Kristinsdóttur skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar, dags. 05.11.2021, með ósk um umsögn vegna framkvæmdarleyfis fyrir nýja Fossvallarrétt innan afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna í landi Kópavogs.

Leyfið er grenndarkynnt í samræmi við 8. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Í samræmi við umsögn Mosfellsbæjar um sama mál árið 2014, gerir skipulagsnefnd ekki athugasemdir við áform og útgáfu framkvæmdarleyfis fyrir nýja fjárrétt norðan Suðurlandsvegar.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar



Kristinn Pálsson,
Skipulagsfulltrúi

Málsaðili ber sjálf/ur ábyrgð á því að kynna sér hugsanlegan kostnað afgreiðslu erindis á heimasíðu sveitarfélagsins: www.mos.is/gjaldskrar

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

